

Festi hf.

Viðauki við grunnlýsingu sem dagsett er 9. október 2025

Vegna 8.000.000.000 króna útgáfuramma

Viðauki þessi, sem dagsettur er 24. nóvember 2025 (hér eftir „**viðaukinn**“), við grunnlýsingu Festi hf, kt. 540206-2010, Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi (hér eftir nefnt „**Festi**“ eða „**útgefandi**“), dagsett 9. október 2025 (hér eftir nefnd „**grunnlýsingin**“) er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsingin skal höfð til hliðsjónar við lestur viðaukans og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðaukann. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

Viðaukinn hefur verið staðfestur af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „**Fjármálaeftirlitið**“), sem telst lögbundið stjórnvald í skilningi ákvæða reglugerðar (ESB) 2017/1129. Staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á viðaukanum felur eingöngu í sér staðfestingu þess, að viðaukinn uppfylli þær kröfur að hann sé fullnægjandi, skiljanlegur og samkvæmur því sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Því ber ekki að líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum skuldaskjalanna sem grunnlýsingin og viðaukinn varðar. Fjárfestar skulu ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þeim henti að fjárfesta í skuldaskjölunum byggt á eigin mati á endanlegum skilmálum skuldaskjalanna og grunnlýsingunni.

Viðaukinn og grunnlýsingin eru á íslensku og birt með rafrænum hætti á vefsíðu útgefanda.



Umsjónaraðili er Íslandsbanki hf.

Dagsetning viðaukans er 24. nóvember 2025

1. Áhættuþættir útgefanda

Í kafla 2.2 („*Áhættuþættir útgefanda*“) á bls. 12 í grunnlýsingunni er fjallað um *sjálfbærni og loftlagsmál* undir sömu yfirskrift. Í tilgreindri umfjöllun er vísað til ársskýrslu Festi fyrir árið 2024 en í tilvísun til vefslóðar var ranglega vísað til ársskýrslu félagsins fyrir árið 2023 í stað ársins 2024. Rétt tilvísun til ársskýrslu Festi fyrir árið 2024 er eftirfarandi slóð: <https://www.arsskyrsla2024.festi.is/sjalfbaerni>. Orðast málsliðurinn því réttilega svo sem kemur í stað sama málsliðar á bls. 12 í grunnlýsingunni:

„Í sjálfbærniuppgjöri samstæðunnar eru gerð ítarleg skil á niðurstöðum mikilvægisgreiningarinnar sem nálgast má í gegnum ársskýrslu félagsins fyrir árið 2024 eða á eftirfarandi slóð: <https://www.arsskyrsla2024.festi.is/sjalfbaerni>.“

2. Form endanlegra skilmála

Í umfjöllun um form endanlegra skilmála á bls. 35 í grunnlýsingunni er vísað til þess að finna megi grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar á vefsíðu útgefanda, www.festi.is/fjarhagsupplysingar. Tilgreindri vefslóð skal skipt út fyrir vefslóðina www.festi.is/skuldabrefogvixlar. Orðast málsliðurinn því réttilega svo sem kemur í stað sama málsliðar á bls. 35 í grunnlýsingunni:

„Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, www.festi.is/skuldabrefogvixlar.“

3. Hluthafar og hlutafé

Í kafla 5.3 („*Skipulag samstæðunnar og skipurit*“) í grunnlýsingunni er vísað til helstu samstæðu- og hlutdeildarfélaga Festi í töflu á bls. 45 – 46 auk þess sem stuttlega er fjallað um hvert og eitt félag á bls. 46 – 47. Frá staðfestingu grunnlýsingarinnar hefur Festi selt allan eignarhlut sinn í danska félaginu Malik Supply A/S. Samkvæmt því skal umfjöllun um Malik Supply A/S á bls. 46 og 47 í grunnlýsingunni falla á brott, sbr. nánar tiltekið eftirfarandi:

Bls. 46

„Malik Supply A/S Göteborgvej 18, 9200 Aalborg 24,6% Sala og dreifing á eldsneyti til skipa.“

Bls. 47

„Malik Supply A/S er danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í eldsneytisafgreiðslu og tengdum þjónustu fyrir sjávarútveg, orkuviðnað og flutningageirann, bæði á Norður-Atlantshafi og á heimsvísu.“

- o -

Í kafla 5.8 („*Hluthafar og hlutafé*“) í grunnlýsingunni er vísað til tuttugu stærstu hluthafa Festi þann 10. september 2025 í fyrstu tveimur setningum kaflans á bls. 54 ásamt töflu á bls. 54-55. Tilgreindum setningum skal skipt út fyrir svohljóðandi setningar:

„Hluthafar félagsins í lok viðskiptadags þann 11. nóvember 2025 voru 1.695. Tuttugu stærstu hluthafar félagsins þann sama dag, 11. nóvember 2025, voru sem hér segir:“

Efni töflunnar á bls. 54-55 í grunnlýsingunni skal skipt út fyrir eftirfarandi töflu:

	Hlutafé í þús. króna	Hlutafé í %
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	45.334	14,5%
Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild	32.245	10,3%
Gildi – lífeyrissjóður	30.191	9,7%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	27.095	8,7%

Stapi lífeyrissjóður.....	17.464	5,6%
Almenni lífeyrissjóðurinn	14.676	4,7%
Birta lífeyrissjóður	12.648	4,0%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	10.244	3,3%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.....	9.032	2,9%
Festa – lífeyrissjóður.....	6.597	2,1%
Lífswerk lífeyrissjóður	5.623	1,8%
Brú R deild.....	5.454	1,7%
Lífeyrissj.starfsm.rik. B-deild	5.297	1,7%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	5.293	1,7%
Arion banki hf.	4.554	1,5%
Vanguard Total International S	4.275	1,4%
Vanguard Emerging Markets Stock	4.013	1,3%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.....	3.158	1,0%
Festi hf.	2.746	0,9%
Parabakki ehf.	2.371	0,8%
	248.311	79,4%
Aðrir hluthafar	64.237	20,6%
	312.549	100,0%

4. Tilkynning til fjárfesta

Í umfjöllun í 6. kafla grunnlýsingarinnar („*Tilkynning til fjárfesta*“) á bls. 57 – 58 er á fjórum stöðum vísað til eftirfarandi slóðar á vefsíðu útgefanda: www.festi.is/fjarfestar. Tilgreindri vefslóð skal skipt út á viðkomandi stöðum fyrir vefslóðina www.festi.is/skuldabrefogvixlar. Eftirfarandi breytingar verða því gerðar á bls. 57 – 58 í grunnlýsingunni:

Orðast síðasti málslíður annarrar málsgreinar á bls. 57 svo og kemur í stað sama málslíðar í grunnlýsingu: „Ef sótt verður um töku skuldaskjalanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland verða endanlegu skilmálarirnir skráðir og birtir á vefsíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og vefsíðu útgefandans, www.festi.is/skuldabrefogvixlar.“

Orðast fimmta málsgrein á bls. 57 svo og kemur í stað sömu málsgreinar í grunnlýsingu: „Grunnlýsingin er dagsett 9. október 2025 og hana, ásamt viðaukum við hana, ef einhverjir eru, má nálgast á vef útgefanda, www.festi.is/skuldabrefogvixlar.“

Orðast sjötta málsgrein á bls. 57 svo og kemur í stað sömu málsgreinar í grunnlýsingu: „Fjárfesting í skuldabréfum og/eða víxlum felur í sér áhættu. Vegna mögulegra fjárfestinga í þeim skuldaskjölum sem grunnlýsing þessi varðar þá eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel grunnlýsinguna og viðauka sem kunna að vera gerðir við hana, en skjölin má nálgast á vef félagsins www.festi.is/skuldabrefogvixlar. Er fjárfestum ráðlagt að kynna sér sérstaklega kafla um áhættuþætti.“

Orðast síðasti málslíður fjórðu málsgreinar á bls. 58 svo og kemur í stað sama málslíðar í grunnlýsingu: „Á meðan fjármálagerningar útgefnir af Festi hf. eru til viðskipta á skipulegum markaði mun útgefandinn birta framangreindar upplýsingar opinberlega og á vef félagsins, á slóðinni www.festi.is/skuldabrefogvixlar.“

- o -

Í kafla 6.2 („*Gildistími og aðgengi að lýsingu*“) á bls. 59 í grunnlýsingunni er vísað til eftirfarandi slóðar á vefsíðu útgefanda: www.festi.is/fjarfestar. Tilgreindri vefslóð skal skipt út á viðkomandi stað fyrir

vefslóðina www.festi.is/skuldabrefogvixlar. Orðast málsliðurinn því eftirleiðis svo og kemur hann í stað sama málsaðilar á bls. 59 í grunnlýsingunni:

„Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda www.festi.is/skuldabrefogvixlar.“

- o -

Í kafla 6.4 („*Skjöl til sýnis, aðgengi og gildistími*“) á bls. 60 í grunnlýsingunni er vísað til eftirfarandi slóðar á vefsíðu útgefanda: www.festi.is/fjarfestar. Tilgreindri vefslóð skal skipt út á viðkomandi stað fyrir vefslóðina www.festi.is/skuldabrefogvixlar. Orðast málsliðurinn því eftirleiðis svo og kemur hann í stað sama málsaðilar á bls. 60 í grunnlýsingunni:

„Á meðan grunnlýsingin er í gildi má skoða eftirfarandi skjöl á vefsíðu útgefanda: www.festi.is/skuldabrefogvixlar og á skráðri skrifstofu útgefanda að Dalvegi 10-14, 201Kópavogi: [...]“

5. Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka við grunnlýsingu fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður og forstjóri Festi hf. lýsir því yfir fyrir hönd Festi, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Kópavogi, 24. nóvember 2025

Fyrir hönd Festi hf.

Hjörleifur Pálsson,
stjórnarformaður

Ásta Sigríður Fjeldsted,
forstjóri